

Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2016-2017

Heiti verkefnis: GERT –verkefnið í Garðaskóla

Styrkþegar: Garðaskóli

Verkefnisstjóri: Auður Sigurðardóttir

Markmið verkefnisins

Markmiðið með GERT verkefninu er m.a. að auka sýn nemenda á fjölbreyttu námi, bæði í framhaldsskóla og þegar lengra er komið og að nemendur geti tengt nám á mismunandi stigum við störf í framtíðinni. Einnig að nemendur sjái með eigin augum hve mismunandi og ólík störf eru unnin í hinum ýmsu fyrirtækjum, kynnist störfum, bakgrunni starfsmanna og geti tengt störfina við námsleiðir sem í boði eru út frá þeirra eigin áhuga.

Ennfremur er markmið með GERT að styrkja enn frekari tengsl við atvinnulífið og auðvelda aðgengi að fyrirtækjum sem og að finna leið til að færa atvinnulífið nær skólasamfélaginu með verkefnum sem gætu nýst í ákveðnum greinum. Þar kemur að samstarfi kennara við sérfræðinga í fyrirtækjum sem gætu aðstoðað nemendur við að vinna að raunverulegum verkefnum sem nýtt eru í störfum á vinnumarkaðnum.

Þá er hugmynd að nýta enn frekar fyrirtæki í nærumhverfi skólans og efla tengslanet við þau og koma á samvinnu við þessi fyrirtæki í samráði við GERTverkefnið. Einnig að huga að verkefnum sem gætu nýst okkur áfram með þeim fyrirtækjum sem eru hér í nágrenni með framtíðarsýn í huga.

Þáttakendur. 10 bekkur Garðaskóla í allt 165 nemendur ásamt nemendum úr 8. og 9. bekk að hluta.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Verkefnið gekk að öllu leyti vel miðað við þær forsendur sem lagt var upp með í byrjun. Tilraunir síðustu ára með útfærslu á verkefninu hafa gert það að verkum að annmarkar hafa verið skornir af og við lært af dýrmætri reynslu sem við höfum síðan nýtt til að gera gott verkefni enn betra og skilvirkara. Við ákváðum þó að breyta áherslum á miðri leið þar sem okkur langaði að sjá hvort munur væri á stelpum og stráku í þessum heimsóknum þ.e. hvort spurningar þeirra og nálgun á viðfangsefninu væri ólík. Tveir hópar voru því kynjaskiptir, annars vegar starfskynning hjá Össuri og hins vegar hjá Sagafilm. Mat okkar og þeirra sem tóku á móti hópunum á þessari tilraun var sú að kynjaskiptir hópar eru ekkert endilega það eina rétta en gaman að geta boðið upp á það. Helsti munurinn á milli kynjanna að strákahópurinn var duglegri að spyrja um nánast hvað sem og óhræddari við að koma hugsunum sínum í orð. Stúlkurnar voru einig með mjög góðar spurningar og vangaveltur sem þær höfðu velt vel fyrir sér áður en þær spurðu. Hins vegar má líta svo á að stúlkur gætu

jafnvel fengið meiri upplýsingar ef þær eru með strákunum þar sem hispurslausari spurningar fá að flakka og umræður geta skapast út frá því sem bæði kynin geta lært af.

Tæknifyrirtækið Nýherji vill prófa á næsta ári að bjóða tvo hópa í heimsókn í kynningu annars vegar „Strákar og tækni“ og hins vegar „Stúlkur og tækni“. Þeir telja að meiri ávinningur sé af því að ræða við stelpur sér annarsvegar og stráka sér hinsvegar og ætlum við að fara í það verkefni á næsta skólaári. Við erum ákveðin í að halda áfram að bjóða upp á kynjaskiptahópa að einhverju leyti.

Mat á verkefninu: Nemendur fengu að meta verkefnið í lokin og var útbúinn spurningalisti þar sem nemendur svöruðu bæði opnum og lokuðum spurningum. Í allt svöruðu um 65% nemenda í 10.bekk Garðaskóla. Um 80% þeirra nemenda sem svöruðu voru sáttir við framkvæmd starfskynninga og 66% þeirra hefðu verið til í fleiri heimsóknir. 14% nemenda fannst nóg að taka þátt í verkefninu eins og það var lagt upp með og voru sáttir við verkefnið eins og það var lagt upp. Þeir nemendur sem voru frekar neikvæðir gagnvart verkefninu eða höfðu ekki áhuga á verkefninu voru um 20% þeirra sem svöruðu og voru nokkrar ástæður gefnar upp. Um 3% nemenda höfðu engan áhuga á fyrirtækjaheimsóknum og 3% nemenda fannst þær óþarfar. Um 7% nemenda sögðust ekki nenna að fara í heimsóknir og 2% vildu ekki missa úr námi. Um 2% nemenda sögðust vera búnir að ákveða sína framtíð og þyrftu ekki á slíkum heimsóknum að halda. Um 3% nemenda höfðu ekki áhuga á að fara í fleiri heimsóknir en gáfu ekki upp neinar ástæður en voru samt ánægðir með það sem þeir höfðu farið að skoða.

Í heild þá eru nemendur í 10.bekk ánægðir með fyrirkomulag starfskynninga og við vitum vel að við getum aldrei gert öllum til geðs sama hvaða form við höfum á verkefninu. Hins vegar er ljóst að meirihluti nemenda fannst bæði gagnlegt og gaman að fræðast um fyrirtækin og fjölbreytt störf, fannst heimsóknirnar auka víðsýni þeirra og opna augu fyrir fjölbreytileikanum á námi og störfum. Þá ber einnig að nefna að stór hluti hefði verið til í fleiri heimsóknir.

Í allt var farið í 11 fyrirtækjakynningar og tvær kynningar voru í skólanum fyrir allan árganginn.

Ráðstöfun styrks

Sótt var um styrk til að standa undir rútukostnaði vegna ferða nemenda á vinnustaði. Heildarkostnaður við rútuféðirnar var 325.140 krónur. Afgangur styrksins, 174.860 krónum verður ekki nýttur í verkefnið og er honum því skilað.

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Þátttaka í GERT verkefninu hefur skilað skólanum góðu tengslaneti sem án efa hefur nýst okkur á marga vegu. Mun auðveldara er að komast að hjá fyrirtækjum þegar við sækjum um samstarf þegar GERT verkefnið er tilgreint. Nemendur hafa einnig notið góðs af þeim heimsóknum sem komið hafa í skólann og höfum við beint sjónum einna helst á 10. bekk. Með öflugu tengslaneti við fyrirtækin og tengiliði þar þá getum við boðið öllum árganginum upp á starfskynningar og geta nemendur valið sér fyrirtækjaheimsóknir eftir áhugasviði og því má

segja að heimsóknir verða markvissari og skilvirkari fyrir vikið. Þó má skoða betur að sum fyrirtæki eru áhugaverðari en önnur og fylltust strax heimsóknir hjá þeim og margir fengu því ekki þá heimsókn sem þá langaði mest í. Stórir nemendahópar eins og eru í Garðaskóla gera það að verkum að erfiðara er að gera öllum til hæfist þar sem framboð og eftirspurn heimsóknanna ráða ríkjum í þessum efnum. Fyrirtækin hafa þó sum hver verið hjálpleg með það og hafa boðið upp á tvær heimsóknir. Fjöldi nemenda í hverri heimsókn er aldrei meiri en 15-25 og því fyllast fljótt þær heimsóknir sem virðast höfða mest til nemendanna og munum við skoða það vel fyrir næsta ár.

Á starfsfræðsludögum bjóðum við til okkar aðilum frá GERT samstarfinu og fá nemendur aukna innsýn í nám í framhaldsskóla og nám í háskóla sem síðan tengist mismunandi störfum. Markmiðið er eins og áður hefur komið fram að auka sýn nemenda á fjölbreyttu námi, bæði í framhaldsskóla og þegar lengra er komið og að nemendur geti tengt nám á mismunandi stigum við störf í framtíðinni með því að upplifa það á eigin skinni. Starfamessa hefur verið haldin hér í skólanum sl. fjögur ár þar sem hópur foreldra kynna störf sín hér fyrir alla árganga. Á Starfamessunni höfum við einnig leitað til GERT fyrirtækja til að þess að aðstoða okkur með að kynna tæknistörf.

Samtök iðnaðarins sem hýsir GERT verkefnið hafa leitað ítrekað til okkar í Garðaskóla sem ákveðna frumkvöðla í GERT verkefninu þar sem við höfum þróað verkefnið undanfarin ár með mismunandi nálgunum. Verkefnastjóri GERT í Garðaskóla hélt fyrirlestur um GERT- verkefnið á haustdögum þar sem aðilar innan SI og hjá Samtökum sveitafélaganna ásamt skólafólki víðsvegar á landinu ræddi möguleika á aukinni tæknimenntun í grunnskólum Íslands.

Ljóst er að þeir sem standa að þessu verkefni horfa til Garðaskóla þar sem við höfum verið óhrædd að prófa okkur áfram með verkefnið og má með sanni segja að styrkveitingar frá Þróunarsjóðnum hafa skipt þar sköpum. Með styrkjum frá sjóðnum höfum við náð lengra en aðrir skólar með að þróa verkefnið áfram í þá átt sem við myndum vilja sjá það í framtíðinni. Hins vegar má segja að verkefni sem þetta er lifandi og breytist og þróast í takti við áherslur í atvinnulífinu og með breytingum í skólasamfélaginu. Með það fyrir augum ætlum við enn og aftur að víkka verkefnið út á næsta ári með áherslu á aukið samstarf við fyrirtæki og kennara sem sinna kennslu í t.d. hönnun og tækni og verður fróðlegt og skemmtilegt að vinna að því og höfum við nú þegar kynnt okkar hugmyndir fyrir nýjum verkefnastjóra GERT.

19. júní 2017

Auður Sigurðardóttir

Náms- og starfsráðgjafi

Verkefnastjóri GERT í Garðaskóla